

SIÐANEFND BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Mál nr. 3/2022-2023

Kærandi: Hvítasunnukirkjan Fíladelfía í Reykjavík.

Kærðu: Stöð 2/Kompás.


Kæruefni: Umfjöllun í Kompási um sértrúarsöfnuði 8. mars 2022.

Málsmeðferð: Málið var kært með tölvupósti sem barst BÍ og Siðanefnd 11. maí 2022. Siðanefnd fjallaði um málið 17. og 31. maí 2022.

Umfjöllun: Dagsetning umfjöllunar er 8. mars 2022. Kæran barst ekki Siðanefnd fyrr en með tölvupósti 11. maí 2022 og því eftir að tímafrestur var liðinn. Óskað var eftir undanþagu frá tímafresti, en ákvæði 6. greinar siðareglna BÍ er fortakslaust og engar haldbærar ástæður koma fram sem réttlæta að víkja frá ákvæði siðareglanna um 2ja mánaða tímafrest. Vísað er til fordæmisgefandi úrskurða í málum 2/2017-2018, 6/2017-2018, 7/2019-2020 og eldri málum. Siðanefnd vísar málinu því frá með vísan til 6. greinar siðareglna BÍ.

Úrskurður: Máli nr. 3/2022-2023 er vísað frá Siðanefnd.

Reykjavík, 31. maí 2022.


Pálmi Jónasson


Asgeir Þór Árnason


Valgerður Jóhannsdóttir


Friðrik Þór Guðmundsson


Emma Björg Eyjólfsdóttir